

Ég er Einar Þorsteinn, frá þriðju reikistjörnunni í sólkerfinu Sol og ég er nú að lesa upp fyrir ykkur nokkrar hugsanir hér í borginni Luebben í Spreewald sunnan við Berlin í Þýskalandi, í sambandi við listsýninguna: Aquamediale 2005. Þær eru hluti af listaverkinu, sem ég sýni þar og heitir:

Mæling ljóshraðans í vötnum Luebbenborgar

Ég álit manneskjuna vera "hreyfanlega hugsanaverksmiðju", sem fer gegnum endalausan massa af alls konar hugsanaorku og verður þannig fyrir stöðugum áhrifum. - Þetta verk bætir einni hugsun hér við, en fyrir utan mig hafa nokkrir kollega mínir einnig komið hér við sögu.

Eruð þið meðvituð um það, að ljós fer með minni hraða gegnum vatn, en í andrúmslofti jarðarinnar og hlýtur því einnig að fara með meiri hraða um lofttæmi geimsins en innan andrúmslofts jarðarinnar? Augljóslega hefur mönnum enn ekki tekist að mæla síðastnefnda hraða ljóssins, en samt fullyrða viðurkenndar vísindakenningar hérum, að ljóshraðinn sé fasti.

Nýjar vísindalegar mælingar benda og til þess, að fyrst eftir Stórahvell hafi hraði ljóssins verið mun meiri, en við teljum hann nú vera.

Það er greinilega eitthvað í þessum kenningum dagsins í dag, sem ekki gengur upp og það gefur okkur ástæðu til þess að kanna þetta örlítið nánar og síðan að sleppa lausum nokkrum hugsunum í því sambandi.

Í beinum tengslum við listaverkið, sem hér um ræðir, munum við nú kynna nýja vísindakenningu: Luebbenborgar kraftajafnvægiskenningu Alheimsins eða stýtt: LKA-kenninguna.

Við viljum til dæmis vita það, hvernig efni, rafmagn og aðdráttarafl vinna saman í rými og tíma? Er það til dæmis alveg á hreinu, hvernig sólkerfið okkar vinnur, hvað snertir kraftana og orkuna sem þar eru virk? Kennilega séð getum við e.t.v. svarað því játandi, en eru þær kenningar einnig réttar?

Við nefnum það hér í framhjáhlaupi, að við munum vitna í hinn fræga vísindamann, Albert Einstein, í einu atriði í þessu sambandi, því hið þýðingarmesta, sem hann lét vísindunum í té var án efa sú sannfæring hans, sem fólst í orðunum: "Við megum aldrei hætta að spyrja spurninga..." Við eru hjartanlega sammála þessu, en munum hins vegar láta aðrar vísindakenningar hans framhjá okkur fara, sem hverjar aðrar útskiptanlegar hugsanir.

Vegna eigin framtíðar er það þýðingarmikið fyrir okkur að vita hér og nú, hvort viðurkenndu kenningar dagsins í dag, eru réttar eða ekki?

Eftir að við höfum nú komist að því, að ljóshraðinn getur ekki verið fasti, munum við næst taka fyrir kenninguna um aðdráttaraflsviðið.

Aðdráttaraflið og sú kraftbeyting, sem af því leiðir í sólkerfi okkar, þurfti fyrst að hafa fyrirbæralega leiðni gegnum hinn svokallaða eter, til þess að geta virkað. Því hvers konar kraftbeyting, hvort heldur sem er af tagi þrýstings eða togs, til dæmis milli jarðar og sólar, gæti alls ekki virkað án efnistengdra áhrifa milli þeirra.

Hið seinna tilkomna "aðdráttaraflssvið" er á hinn bóginn nokkuð, sem er ekki hægt að skynja beint, heldur ekki með neins konar þekktri tækni og liggur þess vegna í raun utanvert við umfjöllunarsvið vísindanna eins og þau skilgreina sig sjálf. Hefur nú með þessu aðdráttaraflssviði tekist að skilgreina festu jarðarinnar á sporbraut sinni umhverfis sólu, m.a. með aðstoð miðflottaafllsins?

Ef til vill festu jarðarinnar, já; en hvað er það á hinn bóginn, sem gefur jörðinni stefnu sína á sporbrautinni og hvaða afl vinnur þá vinnu, sem þarf til þess að jörðin haldi áfram að snúast um sólu?

Það er auglýnilegt, að hnötturinn okkar þarf bæði tog- og þrýstikraft til þess að geta haldið nokkuð óbreyttri, öruggri fjarlægð frá sólinni og falli ekki inní hana. Vísindin meðtöku loksins þá skýringu sem felst í miðflottaafllinu, sem væri það afl sem vinnur á móti og í jafnvægi við aðdráttaraflsviðið í þessu skyni. Vitaskuld er það og fyrir hendi hér, en hvort slíkt afl getur unnið þá vinnu, sem nauðsynleg er, er vægast sagt ólíklegt.

Þegar maður sveiflar steini, sem er bundinn í snúru, umhverfis sig í hringi, þá er hin almenna samlíking við sólkerfið sú, að togkrafturinn, þ.e. snúran komi í stað aðráttar-afslssviðsins og miðflóttaflið togi þar á móti með þrýstikrafti. En manneskjan, sem sveiflar steininum er hins vera þriðji krafturinn, sem er hér á ferðinni. Þessi kraftur gefur steininum stefnu hans og vinnur þá vinnu, sem er nauðsynleg. Þessu atriði er almennt gleymt.

Það er auðvitað rökrétt að segja, að þegar hlut eða t.d. jörðinni, hefur verið gefin hreyfi-orka, að þá hreyfist hann, en það er rangt að fullyrða, að þessi hreyfiorka geti orðið til án vinnandi afls. Og það er enn verra að fullyrða, að slíkt geti haldið áfram að virka, án þess að bæta hér við sífellt meiri orku. Því hvað sem öðru líður, þá myndast hér orkutap, nefnilega gegnum áhrif þess aðráttarafslssviðs sólarinnar, sem menn eru sammála um að virki þannig.

Hverjar eru svo heildarafleiðingar þessarar viðteknu röksemdafærslu um það, að svona virki sólkerfið? – Þegar allir punktar hluts reyna að þrýsta sér út frá miðju hans, þá hlýtur andstæða þess krafts af sömu stærð, - þ.e. krafturinn andstæður aðráttarafslssviði sólarinnar, sem er nú skýrður með miðflóttafli – að valda orkutapi og reikistjarna okkar myndi að lokum stöðvast.

Við skulum ekki gleyma því, að þetta orkutap er tvöfalt, því jörðin er undir áhrifum tvenns konar miðflóttaafls: Fyrst í gegnum hraðann á sporbraut sinni og síðan gegnum eigin snúning um möndul sinn. Hlutur getur ekki unnið án kraftbeytingar. Þegar við nú segjum í raun út í bláinn, eða til þess að losna úr þessari klemmu – að jörðin sjálf framkalli þessa umræddu vinnu einhvern veginn, þá væri öll eðlisfræði okkar röng, hitaorkufræðin meðtalin.

Hvernig virkar sólkerfið þá sem kraftakerfi?

Vegna þeirrar nú skilgreindu, ófullnægjandi kraftbeytingar milli sólar og jarðar, segir nú LKA-kenning okkar: Aðráttarafið sem lýsing á vissri þekktri virkun á hluti í geimnum er staðreynd, en það er ekki einn stakur grunnkraftur við hliðina á hinum þrem meginkröftum eðlisfræðinnar, heldur samansafn ýmissa krafta og aðstæðna.

Þannig að það, sem vísindin kalla nú aðráttarafslssvið, fullyrðum við á móti, að sé í grunninn aðeins mismunur milli þéttleika hluta. Þar við bætast hitaáhrif, því hár hiti hefur mikil áhrif á þéttleika hluta og einnig á segulmögnunareiginleika þeirra.

Ein skynsamleg spurning við þetta þrep skilgreiningar okkar, er auðvitað þessi: Hvers vegna getum við upplifað flóð og fjöru, ef það er ekkert aðráttarafslssvið fyrir hendi?

Svarið við þeirri spurningu er undarlega einfalt. Viðurkenndar kenningar segja, að flóð og fjara séu áhrif frá togkrafti, bæði sólar og tungls á vatnsmassa jarðarinnar. En um leið fylgir smá skýring; nefnilega sú, að áhrifa þeirra gæti aðeins með seinkun. – Hvers vegna með seinku? – Því um leið er jú, t.d. tunglið beint fyrir ofan vatnsmassa jarðarinnar og ljós þess – endurskin sólarljóssins – formar með ljósþrýstingi hringlaga dal í vatnsmassann, nákvæmlega fyrir neðan það, sem aftur myndar hærri hringlaga vatnsþrýstihring umhverfis dalinn. Þennan vatnsþrýstihring má vissulega skilgreina sem flóð og við getum nú séð, að tímaseinkunin felst í hreyfingu hans að þeim stað, sem hann ætti að vera samkvæmt aðráttarafslssviðs-kenningunni. Þetta er nákvæmlega sá tími sem tekur vatnsþrýstihringinn að hreyfast með tunglinu um eina radíuslengd umrædds vatnsþrýstihrings!

Við getum bætt því hér við, að þetta gerist vegna þess, að efni er gert úr „standandi bylgjum“ eins og við munum fara nánar útí hér seinna. Hiti eykur við tíðni standandi bylgja, þ.e. þeirra bundnu elektróna sem um ræðir og þær léttast við þetta og reyna að hreyfast út á við og gefa einnig frá sér dálítið af ljósi í leiðinni. – Við getum einnig sagt þetta sama á annan hátt: Hiti hefur áhrif á þéttleika efnis. Gott dæmi um það er sjóðandi vatn.

Við vitum að svokallað aðráttarafslssvið hindrar ekki hluti með minni þéttleika en efnið sem þeir eru í, frá því að rísa upp frá yfirborði jarðarinnar og einnig, að hlutir með hærri þéttleika falla hraðar í lofti en t.d. í vatni.

Þriðja atriðið sem skiptir máli hér er massi andrúmslofts jarðarinnar, sem við tökum einnig með í LKA-kenningu okkar. Þar að auki kemur til liðs við okkur nýtt þýðingarmikið fyrirbæri, sem við munum kalla hér “rafvökva” jarðarinnar eða “segulkúluplasma” hennar. Með þessu fyrirbæri nær áhrifasvið jarðarinnar mun lengra út í geiminn en hið þekhta andrúmsloft gerir. – Þetta er sett hér fram sem kenning, því enn hefur þetta ekki verið staðfest að fullu.

Þá tökum við einnig með í reikninginn lóðréttan þátt segulaflsaðdráttar sérhvers hlutar. LKA-kenning okkar segir þarum, að þetta afl virki milli allra hluta. Það er ekki aðeins háð massa hlutanna heldur einnig heildar segulmagnseiginleikum þeirra, þ.e. vegna þeirrar staðreyndar, að efni er gert úr standandi bylgjum og þess vegna einnig háð rafvökvanum, sem tilheyrir hverjum hlut. Það er þetta, sem tryggir það, að allir hlutir sem falla í lofttæmi hafa sama hraða.

Og að lokum kemur þýðingarmesti hluti LKA-kenningarinnar: Í geimnum er fyrir hendi hin alheimslega þrýstibylgja og hin þekktanlegu áhrif hennar er það, sem við venjulega köllum aðdráttarafl. Það er hún, sem hefur hvað mestu bein áhrif á allt kraftavægi innan geimsins og vinnur eins fyrir allar vetrarbrautir, sólir, reikistjörnur og tungl. Þess vegna er unnt að líkja alheiminum við "takmarkalausar þrýstiklefa".

Þetta síðasta vinnur í smáatriðum á þann veg, að sérhver hlutur í geimnum getur aðeins viðhaldið sama þrýstingi frá öllum hliðum jafnt með hæfilegri fjarlægð frá öðrum hlutum þar og getur þar með viðhaldið jafnvægi sínu eða jafnvægi hreyfingar sinnar. Þegar hlutur kemur svo nálægt öðrum, t.d. öðrum stærri, að þrýstibylgja alheimsins er "skyggð af" frá þeirri hlið, þá myndast kraftvektor í sömu átt og minni hlutum er þrýst niður á þann stærri eða hann fer á sporbraut umhverfis hann. Þannig getur loftsteinn fallið niður á jörðina og orðið hluti af massa hennar.

Það er þessi sama alheimsþrýstibylgja, sem heldur lofthjúpunum föstum umhverfis reikistjörnur. Ef hún væri ekki fyrir hendi, þá hefðu reikistjörnur engan lofthjúp og ekkert líf væri t.d. fyrir hendi á jörðinni.

Sú staðreynd er enn ein mótsögn vísindanna, að Títan, eitt tungl Satúrnusar, er með þykkan, sjáanlegan lofthjúp um sig. Þó er Títan aðeins lítilsháttar stærri en tunglið okkar, sem samkvæmt viðurkenndu aðdráttaraflsviðs-kenningunni getur ekki haft neinn lofthjúp um sig!

Þýðingarmesti hluti nýju LKA-kenningarinnar okkar er sá, sem snertir kraftbeytingu í geimnum, þ.e. rafvökvi allra reikistjarna. Hann má skilja sem heildarrafsegulsvið reikistjörnu, sem er einnig nefnt segulkúluplasma hennar, t.d. dæmis jarðarinnar. Samt hefur hann ýmsa eiginleika efnis, þ.e. standandi bylgja og er þess vegna einskonar plasmavið, en samt algerlega ósýnilegur.

Þessu fylgir, að sólin virkar stöðugt á heildaráhrifassvið jarðarinnar, sem er mun stærra en jörðin sjálf og lofthjúpur hennar. Þetta getur mun betur skýrt þá kraftvirkun sólarinnar á jörðu, sem við munum nú leggja fram. Að auki þá getur það að lokum skýrt, hvers vegna reikistjörnunum er raðað á þann hátt, sem þær eru í sólkerfinu, þrátt fyrir mismunandi massa þeirra, sem nú virðist vera eina kraftáhrifassvið þeirra.

Því ef viðurkennda aðdráttaraflsviðskenningin vinnur eins og henni er ætlað að gera, þá myndi Júpíter en ekki Merkúr vera næst sólinni á sporbraut og auk þess væru sporbrautir reikistjarnanna allar hringir en ekki sporöskjur.

Við getum vitaskuld fullyrt, að hinar ytri og þyngri reikistjörnur búi við aðstæður sérstaks tilfelli, en í því tilfelli myndi einnig Mars, sem er minni en jörðin, vera nær sólinni en jörðin og Júpíter sem langstærsta reikistjarnan væri þá ysta reikistjarna sólkerfisins en ekki litli Plútó.

Við höfum komist að þessum kraftbeytingarþætti LKA-kenningar okkar með einföldum samanburði: Eigin snúningshraði jarðarinnar um möndul hennar er við miðbaug 1660 km/klst, en hraði hennar á sporbraut er hins vegar 106 þúsund km/klst. Þar sem við ályktum, að bæði hafi sömu orsök og að jörðin vinni í grunninn eins og hjól á bíl, sem rennur eftir veginum og þess vegna sé stefnuhraði bílsins sá sami og grip hjólsins á veginum, þá komumst við að eftirfarandi niðurstöðu fyrir lengd radíus rafvökva jarðarinnar, þ.e. afrúnnað kraftavirkunar-svið jarðarinnar:

$$\text{radíus jarðar} \times \text{hraði jarðar á sporbraut} = 408600 \text{ Km} \\ \text{möndulsnúningshraði jarðarinnar}$$

Þetta þýðir einnig, að sólin virkar hér beint á kraftvirkniplöt, sem er um fjögur þúsund sinnum stærri en nú viðurkennt. Og þetta gefur okkur nýja möguleika fyrir frekari kenninga-smíð. – Afleiðing þessa verður þá sú, að heildarþéttleiki hvernar reikistjörnu er ekki aðeins háður massa hennar, heldur massa auk rafvökva hennar samanlagt. Merkúr hlýtur því að

hafa mun hærrí heildarþéttleika, eða sporbrautarþéttleika, en Júpíter og röð reikistjaranna í sólkerfinu endar ekki með neyðarskýringu.

En hverjir eru svo þeir kraftar, sem þrýsta á og toga í hnöttinn okkar á sporbraut hans, sem gefa honum stefnu og halda honum stöðugum? Og hvaða þátt á sólin í því sambandi?

LKA-kenningin okkar segir hérum, að það sér sólarljósið sem ýti með þrýstikrafti á heildarkraftáhrifasvið jarðarinnar og á sama tíma dragi segulsviðsmiðpunktur sólkerfisins það að sér með sama krafti. Í báðum tilfellum kemur rafvökvi jarðarinnar að góðum notum við að skýra þetta út eða sá seglukúluplasmi hennar, sem hér er lagður til. Þetta kraftakerfi heldur jörðinni og öllum reikistjörnunum í sporbrautarjafnvægi. – Sólin fer aftur á móti á sporbraut umhverfis sama segulsviðsmiðpunkt sólkerfisins.

Þriðji krafturinn, sem sér um eigin snúning jarðarinnar, krafturinn sem framkvæmir vinnuna við að hreyfa jörðina stöðugt ásamt rafvöva hennar á sporbraut, byggist þá á því fyrirbæri sólargeislanna, sem gera mögulegan flutning á hita um geiminn. Þegar hlutur er fyrir utan loftþjúp jarðarinnar eða í lofttæmi og er einnig geislaður af ljósi, þá byrjar sá sami að snúast um sjálfan sig um eigin öxul. Ástæðan er sú mismunandi hitahleðsla sem myndast milli heitu og köldu hliða hans. Í byrjun geimkönnunar þá leiddi þetta til töluverðra vandræða. Í smærri mælikvarða þá má sjá þetta sama gerast í radíómeter. – Það með höfum við rökrænan kraftaferil innan sólkerfis okkar.

Enn ein þýðingarmikil afleiðing þessa kraftakerfis er einnig mismunurinn milli ljóshraðans er ljósið kemur fyrst að kraftaáhrifasviði jarðarinnar og lokahraða þess við yfirborð jarðar. Sá hluti þessa sem við þekkjum nú, er lokahraðinn við yfirborð jarðar. En með vinnunni sem sólin vinnur þannig með geislun sinni, þá er þessi þekkti ljóshraði aðeins brot af þeim upphafshraða, sem ljósið hafði, er það nálgast áhrifasvæði jarðarinnar. Ávallt þegar krafti er beitt þá minnkar umræddur kraftvektor frá því sem hann var í byrjun og allt að núlli. Hér hefur því upphafshraða ljósgeislanna verið breytt í hreyfiorku. Það er þess vegna augljóst að ljóshraðinn getur ekki verið fasti.

Mældur ljóshraði við yfirborð jarðarinnar, 300 þúsund km/sekúndu, bendir til mun meiri almenns ljóshraða í geimnum fyrir utan rafvökva jarðarinnar. Við áætluum, að hann sé um það bil 10 milljón km/sekúndu. Við yfirborð jarðarinnar er hann því einungis 3–5% af upphafshraðanum. Í vatni á yfirborði jarðar, eins og hér í Luebbenborg í Spreewald, þá er ljóshraðinn enn minni.

Til þess að skilja virkun sólkerfisins til fullnustu þá skulum við einnig taka eftir því, að ástæðan fyrir því, að sporbrautir reikistjarnanna umhverfis sólu eru sporöskjulaga en ekki hringir og að þeir halla mismikið miðað við meginflöt sólkerfisins, er sú staðreynd, að sólin fer einnig á sporöskjulaga braut umhverfis segulmiðpunkt sólkerfisins. Ef við dæmum út frá lögun sporbrautar jarðarinnar þá er hámarksradíus sporöskju sólarinnar um það bil 1,6 milljón km. Og við fullyrðum nú, að hreyfing hennar sé ekki samhliða meginfleti sólkerfisins heldur á fleti sem er með um 45° gráðu halla við hann. Þess vegna rís eða hnígur sólin um 70% af eigin radius upp fyrir og niður fyrir hann. Séð frá jörðu þá gerir þessi mismunur um það bil 0,6° gráður.

Þess vegna er mismunurinn milli snúningsflata reikistjarnanna, eins og hann greinist frá jörðu, að miklu leiti sjónvilla. En samt sem áður þrýstir sólin reikistjörnunum bæði upp og niður úr megin snúningsfletin sólkerfisins. Og hún eykur því þannig lítilsháttar við þau ljósmagnsáhrif, sem orsakast af halla mönduls jarðarinnar, miðað við meginflöt sólkerfisins, með því að skína aðeins lengur á pólsvæði jarðarinnar á ársgrundvelli.

En setjum nú LKA-kenningu okkar í prufusætið.

Það eru vitaskuld margar kenningar til sem segja allt annað en okkar LKA-kenning gerir og nokkrar rannsóknir hafa verið kynntar gegnum tíðina, sem virðast sanna að svo sé. Við munum nú nefna tvær til þrjár slíkar rannsóknir þekktara vísindamanna:

Michelson leitaði að rafvökvanum – þá nefndur eter - en fann hann ekki. Þetta var hin fræga Michelson - Morley tilraun frá árinu 1881. Hann gerði þetta á þeim forsendum, að eterinn væri dreyfður jafnt um allan alheiminn og að jörðin yrði að hreyfast í gegnum hann. Í LKA-kenningu okkar þá er þetta sama fyrirbæri aðeins fyrir hendi umhverfis geimhluti og hreyfast með þeim á sama hraða og þeir. Þess vegna getur hin svokallaða “seinkun” ljóshraðans ekki nýst sem sérstakt fyrirbæri til þess að komast að neinni niðurstöðu. – Þetta eru

Í raun sömu aðstæðurnar og í hinum fræga dæmi, þar sem tvö börn á ferð í strætisvagni, eitt frammi og hitt afturí, henda á milli sín bolta. Ef vagninum er ekið með 100 km/klst, hver er þá hraði boltans? – Michelson hefði þurft að taka þetta með í reikninginn í tilraun sinni.

Niðurstöður Bradleys eru einnig vel þekktar. Hann reiknaði út hraða jarðarinnar á sporbraut sinni um sólu með aðstoð seinkunar ljóshraðans í geimnum. Enda þótt niðurstöður hans séu u.þ.b. réttar, þá höldum við því samt fram, að aðferðafræði hans og röksemda-færsla geti ekki verið réttar.

Mistök hans voru að byggja á útreikningum Olaf Römers, en niðurstöður Römers er unnt að skýra sem mistök í röksemdafærslu og með hreinum afleiðingum hornafallareiknings. Sú staðreynd að Römer fann út að ljóshraðinn væri 300 þúsund km/sekúndu, er einfaldlega tilviljun, því samkvæmt LKA-kenningu okkar, sem er skýrð hér, þá getur ljóshraðinn við yfirborð jarðarinnar og þá í lofttæmi geimsins, t.d. yfir fjarlægðina milli tveggja radíusa sporbrautar jarðar, þar sem Römer lagði grundvöll reikninga sinna, ekki verið einn og hin sami.

Við fullyrðu þar að auki, að hin svokallaða hliðrun sólarljóssins sé aðeins sjónrænt fyrirbæri. Því þegar maður ferðast með farartæki, þá virðist manni allt umhverfið hreyfast en að farartækið standi kyrrt. Þess vegna hefur ljósið sjálft ekkert með þessa að-því-er-virðist hliðrun að gera, en eingöngu skynjun okkar.

Maður getur einnig borið þetta saman við “hreyfingu stjarnanna”. Því það er alveg sama hversu langt í burtu stjörnur eru, þær virðast allar hafa sömu hliðrun. Ef það er ekkert samhengi milli fjarlægðar og hliðrunar ljóssins, þá yrði sólin einnig að sýna sömu hliðrun, en það gerir hún ekki.

Sjón okkar er þess vegna óháð ljósinu. Þegar við t.d. sjáum stjörnu rísa á himninum, þá skynjum við það áður en ljósið í raun nær til okkar.

Við getum einnig sagt, að vegna þess að ljósið fer dreyft um geiminn, þá sé það alveg sama hvar jörðin sé staðsett á braut sinni; ljósið er alltaf þar fyrir hendi, þegar jörðin kemur á viðkomandi stað. Eins og það væri að biða eftir jörðinni að koma til þess að ná því. Þess vegna er hugmyndin um að ljós hafi hliðrun í geimnum vegna þess tíma sem tekur að það nái til okkra, byggð á misskilningi.

Við höfum nú rætt um aðráttaraflsviðið, en hvað með efnið, orkuna og rafmagnið? Og eru síðan viðurkenndu kenningarnar um tíma og rými réttar?

Við notum nú tækifærið til þess að bæta við fleiri stöðum undir LKA-kenningu okkar og lítum fyrst á sambandið milli rýmis og rafmagns.

Góð spurning til að spyrja er þá þessi: Hvað gerist í raun og veru, þegar við setjum venjulegan dínamó við hjólið á reiðhjólínu okkar til þess að framleiða ljós?

Gegnum snúning á segulspólunni er rafmagn framleitt. – Hvaðan kemur rafmagnið? Úr engu? – Nei, hinn framleiddi straumur elektróna er í raun efni í framleiðslu. LKA-kenningin okkar fullyrðir nú, að elektrónurnar sem þannig eru framleiddar, séu ekkert annað en ummyndað rými. Rými ummyndað gegnum snúning á segulspólu innan rafvökva reikistjörnu-unnar jarðar.

Þetta þýðir þá einnig, að við höfum hringferil kraftaummyndunar í alheiminum, sem lítur svona út: Frumrými framleiðir efni og sama efni mun breytast á ný í frumrými einhvern-tíma seinna. Ferill breytinganna í báðar áttir er þá sú orka, sem er fyrir hendi í alheiminum. Efni er þess vegna standandi bylgja, sem hefur ávallt tilhneygingu til þess að breyta sjálfri sé á ný í frumrými.

Á þennan hátt fer stöðugt fram framleiðsla á efni í alheiminum og á sama tíma breytist efni á ný í frumrými. Það sem gerist því á sólinni er breyting á efni til baka í frumrými. Breytingarferillinn mun framkalla mjög háan þrýsting og hann framleiðir einnig mjög margar mismunandi bylgjur, t.d. þær bylgjur sem seinna breyta sér í sjáanlegt ljós og hita á jörðinni. Að þessari ástæðu getur hitastigið í sólinni alls ekki verið eins hátt og nú er talið vera.

Eftir þessa niðurstöðu segir LKA-kenningin okkar ennfremur, að frumrými sé ekki afstætt við neitt, enda hreinlega án forms, því rými hefur alls enga vídd. Það er einfaldlega rými, ótakmarkað í allar áttir. Hvar svo sem áhorfandi er staddur í alheiminum, hefur hann ávallt ótakmarkaðan alheiminn fyrir framan sig.

Viðurkenndu kenningar dagsins í dag segja, að unnt sé að beygja rýmið, en það er hins vegar vegna framansagðs algerlega rangt. En hin staðfesta beygja á sólargeisla við sólmyrkvann árið 1919 varð hins vegar til vegna áhrifa frá segulmiðpunkti sólkerfisins.

Ef aðdráttarflíssvið væri orsökinn fyrir beygjuni á sólargeislanum, þá væri unnt að staðfesta þetta sama við hvern einasta tunglmyrkva. En það gerist einfaldlega ekki. – Í því skyni að bera þetta saman við þekkt fyrirbæri, þá gætum við einnig sagt, að væru engin áhrif milli segulsviðs og orku, þá myndu rafsegulmótorar okkar alls ekki virka.

Nú segja viðurkenndar kenningar einnig, að samhengið milli hraða tveggja ljósgeisla sé ávallt fasti: V , alveg sama hvort þeir fara samhliða eða á móti hver öðrum. – Vélfræðileg kenning segir hins vegar, að í fyrra tilfallinu sé hlutfall hraðanna núll, en í því seinna $2V$. Við teljum það mun líklegra!

En til þess nú að styðja þessa síðustu viðurkenndu ályktun rökum, mátti ekki við svo búið sitja. Þess vegna varð að gefa sérhverjum hlut á ferð hans um geiminn sérstakt rými og sérstakan tíma, í samræmi við hraða hans. Og til þess að tryggja þetta enn frekar þá þurfti einnig að gefa alheiminum takmörk. – Það voru enn ein mistökin.

Fyrirbærið sem var talið styðja þetta, staðfest hliðrun við mestu nálægð Merkúrs að sólu, gerðist einfaldlega samkvæmt okkar LKA-kenningu vegna nálægðar reikistjörnnunnar við sólu. Við það eykst ljósþrýstingurinn vitaskuld og um leið snýst reikistjarnan hraðar um sjálfa sig og fer því einnig með meiri hraða á sporbraut sinni um sólu.

Það má lesa úr þessu, að síðan á dögum Einsteins hafa menn byggt alltof þröngan ramma utanum takmarkalaus tilveru okkar. Við fullyrðum í LKA-kenningu okkar, að rými sé án víddar og því sé ekki unnt að deila sundur, þó að það sé ummyndað undirstaða efnis!

Tíminn á hinn bóginn er afleiðing hreyfingar hlutar um geiminn. Þannig er ein hringferð jarðar um sólu kölluð ár á hefðbundinn máta. Hraði hlutar í rýminu hefur bein áhrif á tímapáttinn og þegar hraðinn verður ótakmarkaður þá hverfur tíminn einfaldlega.

En á hinn bóginn, hvernig það á að geta gengið upp að sameina frumrými – undirstöðu alls efnis – saman við afleiðingu hreyfingar efnis í gegnum sama – já, að leggja það til að sameinuð niðurstaða þess fyrirbæris sé ný vídd – eða rýmistími – er öllu fremur heimspekileg eða trúarleg spurning en eðlisfræðileg.

Það er unnt að segja það sama á annan hátt: Þegar maður notar rúmfræði – staðbundið hjálpartæki fyrirbæraveruleika okkar – til þess að margfalda saman tvær línur þá er útkoman flötur. Þegar áfram er haldið og þarvið margfaldað þriðju línunni, eða hæð, þá verður útkoman rýmiseind. En þegar það er svo margfaldað með fjórðu línunni þá er útkoman einfaldlega vitleysa.

Maður getur vitaskuld nefnt þessar viðkomandi línur víddir, en það er smekksatriði og hefur ekkert með vísindi að gera. – Skoðun LKA-kenningar okkar á þessu er fremur sú, að vídd sé sambærileg við sjáanlegan, skynjanlegan alheim eða alheimsrými.

Í geimnum hreyfist því enginn hlutur í eina, tvær, þrjár eða fjórar víddir, einfaldlega vegna þess að rými hefur alls enga vídd. Í mesta lagi getum við sagt, að hlutur fari eftir streitu-stefnu í rýminu, þegar hann hreyfist milli punktanna A og B.

Við getum nú óskað okkur sjálfum til hamingju með það, þökk sé LKA-kenningu okkar, að við erum enn langt í burtu frá „endingu vísindanna“ enda þótt að það sé nú vinsæl kenning í hópi vísindassöguskrifenda.